

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Selfossi, 7. mars 2025
Tilvísun: 2502613

Efni: Svör við andmælum Kaldvíkur vegna eftirlitsskýrslu vegna eftirlits 20. febrúar 2025

Þann 28. febrúar 2025 bárust Matvælastofnun athugasemdir Kaldvíkur (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslu stofnunarinnar vegna eftirlits á eldissvæði í Svarthamarsvík í Berufirði sem fellur undir rekstrarleyfi FE-1138. Andmælin voru studd fylgigögnum sem send voru á sama tíma.

Framangreind eftirlitsskýrsla Matvælastofnunar er dagsett 26. febrúar 2025 og send eftirlitsþega sama dag en skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór þann 20. febrúar 2025.

Hér er að finna athugasemd eftirlitsþega og afstöðu Matvælastofnunar við framangreinda skoðunarskýrslu. Eftirlitsþegi andmælir nokkrum atriðum sem fram koma í eftirlitsskýrslunni og óskar eftir því að skýrslan verði lagfærð í samræmi við framsettar athugasemdir.

Andmæli eftirlitsþega eru skráletruð og svör stofnunarinnar í venjulegri leturgerð.

1. Eftirlitsþegi andmælir eftirfarandi fráviki í eftirlitsskýrslu: „Búnings- og þrifaaðstaða fyrir hlífðarklæðnað er í sama húsnæði fyrir öll eldissvæði“ sem og samhljóma fráviki: „Starfsfólk notar sama inngang fyrir bæði eldissvæðin.“

Eldissvæðin Glímeyri og Svarthamarsvík deila búnings- og þrifaðstöðu, en á svæðunum er alin sama kynslóð eldisfiska. Auk þess eru eldissvæðin í mikilli nálægð hvort við annað og framleiðsluáætlun gerir ráð fyrir að þau séu rekin sem ein heild. Búnings- og þrifaðstaða er fyrir vikið skilgreind sem sameiginlegt svæði beggja eldissvæða, líkt og lengi hefur verið.

Þess skal getið að Matvælastofnun hefur áður komið í eftirlit og tekið út starfsemi í Berufirði án þess að gerð hafi verið athugasemd við ofangreint fyrirkomulag. Regluverk gerir auk þess ekki kröfu um að skilið sé á milli búnings- og þrifaðstöðu eldissvæðanna. Verklagsreglur félagsins gera þó ráð fyrir að aðstaða sé aðskilin á milli svæða ólíkra kynslóða, en sama kynslóð er alin á Svarthamarsvík og Glímeyri og er búnings- og þrifaðstaða því sameiginleg.

Í 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum, nr. 300/2018, segir að vistarverur starfsfólks skuli hannaðar og þeim viðhaldið þannig að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Segir jafnframt að í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk, þjónustuaðilar og gestir geta skipt um hlífðarfatnað og skóbúnað. Aðstaða við Glímeyri og Svarthamarsvík uppfyllir þau skilyrði og sóttvarnar- og hreinlætisáætlun Kaldvíkur gerir ráð fyrir að svæðið sé þrifið reglulega og sótthreinsað að lágmarki vikulega. Vísast auk þess til fylgiskjals 1, þar sem VETAQ gerir grein fyrir reglubundinni heilsufarsskoðun á Svarthamarsvík þar sem segir að hreinlæti á Svarthamarsvík sé gott og að starfsfólk sé meðvitað um smitvarnarreglur og fylgi þeim.

Þar sem ekki er um að ræða brot á reglum um smitvarnir eða verklagsreglum félagsins er þess farið á leit að athugasemdin, sem og frávikið, verði fjarlægð úr skýrslunni.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt útgefnu rekstrarleyfi FE-1138 eru svæðin í Svarthamarsvík og Glímeeyri skilgreind sem sitthvort sjókvældissvæðið og eru þau skilgreind út frá smithættu.

Í Svarthamarsvík er staðfest smit af sáravaldandi bakteríum sem valda vetrarsárum. Samskonar smit er að finna í einhverju mæli á Glímeeyri en þó ekki eins miklu og í Svarthamarsvík.

Í andmælum sínum vísar eftirlitsþegi til þess að stutt sé á milli svæðanna í Svarthamarsvík og Glímeeyri og rekstraraðili líti svo á að svæðin séu rekin sem ein heild og samkvæmt sóttvarnar- og hreinlætisáætlun Kaldvíkur sé gert ráð fyrir að svæðið sé þrífð reglulega og sóttþreinsað að lágmarki vikulega. Matvælastofnun bendir á að stutt vegalengd á milli svæða og regluleg almenn þrif og sóttþreinsun að lágmarki vikulega sé ekki undir nokkrum kringumstæðum fullnægjandi sóttvarnir til að koma í veg fyrir smit á milli svæða, en eftirlitsþega ber ávallt að hafa í fyrirrúmi að koma í veg fyrir smit.

Miðað við önnur frávík í eftirlitsskýrslunni, m.a. um skort á sóttþreinsimottum/bakka við inngang að starfsmannaaðstöðu og aðskilnaðar á hreinum og óhreinum fatnaði getur Matvælastofnun ekki fallist á rök eftirlitsþega um að starfsfólk sé meðvitað um smitvarnarreglur og fylgi þeim eins og fram komi í skýrslu VETAQ sem send var sem fylgiskjal með andmælum eftirlitsþega. Sérstaklega er vert að benda á að í skýrslu frá VETAQ dags. 15. janúar 2025 er ítrekað HSMI hafi greinst í öllum kvíum í Svarthamarsvík og að starfsfólk þurfi að vera sérstaklega á varðbergi að bera smit ekki á milli eldissvæða með skófátnaði.

Augljóst er að mati stofnunarinnar að samnýting aðstöðunnar bjóði upp á aukna hættu á smitum á milli svæða og búnaður sé notaður, mögulega ósótþreinsaður, á milli svæðanna þar sem enginn aðskilnaður er á milli hreins og óhreins hlífðarfátnaðar. Eftirlitsþega á að vera fullljóst að þó svo að ekki komi fram athugasemd um smitvarnir frá verktafa sem þjónusti eftirlitsþega þá sé það hlutverk Matvælastofnunar að gera úttekt á því hvort eftirlitsþegi fylgi þeim lögum og reglum sem honum ber að fylgja með því að viðhafa reglubundið eftirlit.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að þrátt fyrir að stofnunin hafi ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag áður þá hafi verið lögð aukinn áhersla á það undanfarna mánuði að fylgja því eftir að eftirlitsþegar uppfylli kröfur um smitvarnir sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglugerðum. Samnýting eldissvæðanna tveggja á búnings- og þrifaaðstöðu uppfylli ekki þær kröfur, sérstaklega ekki í ljósi þess að á báðum svæðunum sé að finna, í mismiklu mæli, sjúkdóma sem smitast geta auðveldlega með búnaði.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíkanna réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að frávikin í eftirlitsskýrslu dagsettri 26. febrúar 2025 verði fellt á brott.

2. Eftirlitsþegi andmælir eftirfarandi frávíki í eftirlitsskýrslu: „Sömu áhöld eru notuð fyrir allar kvíar í Svarthamarsvík“ og samhljóðandi frávík; „Áhöld um borð voru ekki sóttþreinsuð á milli kvía.“

Kaldvík vinnur eftir sóttvarnar- og hreinsíætlun sem hefur verið send Matvælastofnun. Áætlanir félagsins gera ekki ráð fyrir sóttþreinsun milli kvía en lagt er upp með að allur búnaður sé sóttþreinsaður og þrífinn í lok dags, áður en farið er af viðeigandi eldissvæði. Hvorki áætlanir félagsins né gildandi regluverk gera ráð fyrir að allur búnaður sé sóttþreinsaður á milli kvía eða að búnaði sé ekki deilt á milli kvía. Matvælastofnun hefur áður tekið út starfsemi félagsins og ekki hafa verið gerðar athugasemdir við verklagið.

Ekki er vísað til reglugerðarákvæðis eða annarra réttarheimilda í skýrslu Matvælastofnunar en í reglugerð um velferð lagardýra, nr. 300/2018, er gerð krafa um aðskilin áhöld milli kerja og eldiseininga, sbr. 15. gr. Efgengið er út frá því að athugasemd og frávík byggi á því reglugerðarákvæði vill félagið benda á að eðlismunur er á rekstri stöðvar á landi þar sem fiskar eru aldir í kerjum sem eru aðskilin í rúmi og þess fisks sem alinn er í kvíum í sjó.

Enginn ávinningur fengist af því að sóttþreinsa búnað áður en hann er færður milli kvía á eldissvæði og almennt tíðkast ekki innan greinarinnar að sóttþreinsa búnað þegar hann er færður á milli kvía. Vísast í því skyni aftur til fylgiskjals 1, þar sem VETAQ gerir grein fyrir reglubundinni heilsufarsskoðun á Svarthamarsvík þar sem segir að hreinlæti á Svarthamarsvík sé gott og að starfsfólk sé meðvitað um smitvarnarreglur og fylgi þeim.

Með vísan til framangreinds fer félagið þess á leit að athugasemdin, sem og frávíkið, verði fjarlægð úr skýrslunni.

Eins og fram hefur komið í svörum Matvælastofnunar við lið 1 er til staðar staðfest smit af sáravaldandi bakteríum sem valda vetrarsárum. Í 13. mgr. 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum kemur fram að við meðhöndlun á sýktum eða sjálfdaudum eldisdýrum skuli notuð sérstök áhöld, hlífðar- og skófattaður, sem þvo og sótthreinsa ber eftir notkun. Skyldan er afdráttarlaust orðuð í reglugerðinni: Þegar smit er til staðar skal sótthreinsa áhöld eftir notkun með það að markmiði að lágmarka smit á milli kvía. Ákvæði þetta gildir bæði fyrir land- og sjókvíaeldi að mati Matvælastofnunar og er því ekki tekið undir andmæli eftirlitsþega um að eðlismunur sé á milli rekstri stöðvar á landi og í sjó.

Í andmælum eftirlitsþega er það fullyrt að enginn ávinningur fengist af því að sótthreinsa búnað áður en hann er færður á milli kvía á eldisvæði og slík framkvæmd tíðkist almennt ekki innan greinarinnar. Matvælastofnun mótmælir því sem röngu og fullkomlega ósönnuðu. Stofnunin bendir á að á eftirlitsþega hvílir sú skylda að stuðla ekki að auknum smitum heldur lágmarka hættu á smitum. Sótthreinsun á búnaði á milli kvía minnkar hættu á að heilbrigður fiskur smitist af sýktum fiski í öðrum kvíum og því klár ávinningur til staðar og með því að fylgja ekki skilyrðislausri skyldu sinni til að sótthreinsa áhöld sem notuð eru við meðhöndlun á sýktum fiski eykur rekstraraðili hættu á smitum. Þá er rétt að benda á að eftirlitsþegi viðhefur sjálfur það verklag að sótthreinsa háfa á milli kvía á öðrum eldisvæðum. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar fóru í eftirlit á Fögrueyri þann 21. febrúar 2025 en þar voru háfar og búnaður sótthreinsaður á milli kvía. Sama framkvæmd hvað varðar sótthreinsun á milli kvía er viðhöfð hjá öðrum eldisfyrirtækjum. Þá kemur fram í hreinsunaráætlun sem eftirlitsþegi lagði fram með andmælum sínum að dauðfiskaháfur skuli hreinsaður milli staða/eftir að hafa tekið dauðan fisk/ þegar þörf er á. Matvælastofnun lítur svo á að þarna sé verklag eftirlitsþega að dauðfiskaháfurinn skuli sótthreinsaður eftir að hafa tekið upp dauðfisk, en ekki einungis í lok dags. Eftirlitsþegi fór því ekki eftir eigin verklagi þegar eftirlitsmenn Matvælastofnunar voru viðstaddir þann 20. febrúar sl.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að þrátt fyrir að stofnunin hafi ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag áður þá hafi verið lögð aukinn áhersla á það undanfarna mánuði að fylgja því eftir að eftirlitsþegar uppfylli smitvarnir sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglugerðum.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávikanna réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að frávikin í eftirlitsskýrslu dagsettri 26. febrúar 2025 verði fellt á brott.

3. Eftirlitsþegi andmælir eftirfarandi frávik í eftirlitsskýrslu: „Þegar eftirlitsmenn voru á staðnum var engin alvöru tilraun gerð til að fjarlægja sveimara.“

Starfsmönnum var ekki gert ljóst að eftirlitsaðilar gerðu ráð fyrir hefðbundinni starfsemi á kvíunum á meðan eftirlit fór fram. Starfsmenn lögðu áherslu á að sýna eftirlitsaðilum þau skoðunaratriði sem fjalla átti um í eftirlitinu og fyrir vikið varð rask á hefðbundinni starfsemi þann daginn. Eftirlitsaðilar gerðu ekki athugasemd við þann hátt sem hafður var á við eftirlitið og þess var ekki farið á leit að þeim yrði sýnt hvernig sveimarar væru fjarlægðir.

Var það meining starfsmanna sem sinntu eftirlitinu að eftirlitsaðilar vildu heimsækja kvíarnar, kanna aðstæður og fara aftur í land að skoðun lokinni. Hefði heimsókn Matvælastofnunar farið fram á þeim forsendum að starfsemi hefði átt að haldast óbreytt á meðan eftirlit færi fram hefði verið brugðist við með viðeigandi hætti, eftirlitið hefði varað mun lengur og dagskrá hefði verið önnur.

Því til viðbótar skal áréttað að í 44. gr. reglugerðar um fiskeldi, nr. 540/2020, segir m.a. að sýktur fiskur skuli fjarlægður og honum eytt svo fljótt sem verða má samkvæmt nánari ákvörðun dýralæknis fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun. Þar segir einnig að þegar því verður við komið skal fjarlægja daglega dauð lagardýr úr eldiseiningu og skrá fjölda og þyngd fiska. Jafnframt að upplýsingar um afföll skulu vera aðgengilegar eftirlitsmönnum Matvælastofnunar í fiskeldisstöð. Af þessu má greina að lög og reglur gera ekki þá kröfu að sýktir fiskar séu fjarlægðir umsvifalaust eins og umrædd athugasemd virðist gefa í skyn. Þá fengu starfsmenn ekki fyrirmæli um að fjarlægja sveimara á meðan eftirlit fór fram.

Sú umfjöllun að „engin alvöru tilraun [hafi verið] gerð til að fjarlægja sveimara“ þegar eftirlitsmenn voru á staðnum getur ekki orðið grundvöllur viðurlaga án þess að tekið sé tillit til þess hvernig framkvæmdin er almennt. Leggja þarf fullnægjandi og heildstætt mat á stöðuna og þá með hliðsjón af kröfu 44. gr. reglugerðarinnar að slíkur fiskur skuli fjarlægður þegar því verður við komið.

Félagið fer þess því á leit að athugasemdin verði fjarlægð úr skýrslunni.

Samkvæmt verklagsreglum Matvælastofnunar er eftirlit almennt óboðað. Eftirlitsmenn mæta þar af leiðandi á staðinn án undanfarinnar tilkynningar og gera úttekt á framkvæmd starfa og búnaði. Engu að síður var eftirlitsaðila tilkynnt um fyrirhugað eftirlit með tölvupósti dagsettu 19. febrúar 2025 þar sem eftirlitsmenn eru háðir eftirlitsaðila hvað varðar það að komast út á kvíarnar. Í framangreindum tölvupósti voru eftirlitsþættir sem skoða átti sérstaklega ekki tilgreindir, einungis kom fram að Matvælastofnun óskaði eftir því að fara með þjónustubát út á bæði eldissvæðin í Berufirði. Aldrei var neitt gefið til kynna af hálfu eftirlitsmannanna að þeir óskuðu eftir því að fara aftur í land að skoðun lokinni. Þess skal sérstaklega getið að þann 21. febrúar fóru sömu eftirlitsmenn Matvælastofnunar í eftirlit hjá eftirlitsþega á eldissvæðið á Fögrueyri í Fáskrúðsfirði. Samskonar tilkynning var send til eftirlitsþega þegar eftirlitið var boðað og í eftirlitinu á Svarthamarsvík. Í því tilfelli voru eftirlitsmennirnir allan daginn úti á kvíunum og fylgdust með starfsmönnum eftirlitsþega við störf.

Í andmælum sínum vísar eftirlitsþegi til þess starfsmenn hafi lagt áherslu á að sýna eftirlitsaðilum þau skoðunaratriði sem fjalla átti um í eftirlitinu og fyrir vikið varð rask á hefðbundinni starfsemi þann daginn. Eins og fram hefur komið voru starfsmenn eftirlitsþega aldrei upplýstir um skoðunaratriði eftirlitsins. Þá bendir Matvælastofnun á að í umræddri eftirlitsferð var farið út á eldissvæðið kl. 9:00 og komið til baka um 13:00, samtals um fjórar klukkustundir. Sigling á svæðið tekur 40-50 mínútur. Matvælastofnun skoðaði ferðir þjónustubáta eftirlitsþega á eldissvæðin dagana fyrir og eftir að eftirlitið fór fram eða 18., 19. og 21. febrúar 2025 á heimasíðu MarineTraffic. Þar kemur fram að þjónustubátarnir fóru báðir út á eldissvæðið á sama tíma, kl. 9:00 og voru komnir til baka um kl. 13:00. Hefðbundin starfsemi á kvíunum varði því einungis í rúmlega tvær klukkustundir á dag, sama tímalengd og þegar eftirlitið fór fram, þrátt fyrir að ástand á svæðinu væri mjög alvarlegt og gríðarlegur fjöldi af særðum fiskum væri í kvíunum.

Í ljósi þessa telur getur Matvælastofnun ekki fallist á fullyrðingar eftirlitsþega í andmælum um að ef starfsmönnum hefði verið ljóst að gert væri ráð fyrir hefðbundinni starfsemi á kvíum á meðan eftirlit færi fram hefði dagskráin hefði verið önnur, eftirlitið varað lengur og brugðist hefði verið með viðeigandi hætti.

Í andmælum sínum vísar eftirlitsþegi til 44. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 og að lög og reglur geri ekki þá kröfu að sýktir fiskar séu fjarlægðir umsvifalaust eins og frávikidi í eftirlitsskýrslunni virðist gefa í skyn. Þá hafi starfsmenn ekki fengið fyrirmæli um að fjarlægja sveimara og særða fiska á meðan eftirlit fór fram. Hvað varðar tilvísun eftirlitsþega til 44. gr. fyrrnefndrar reglugerðar þá bendir Matvælastofnun á að orðalagið „svo fljótt sem verða má“ sé afdráttarlaust samhliða orðalagi 2. málslíðar 2. mgr. 44. gr. um að grípa skuli til þeirra ráðstafana sem ástæða þykir til svo koma vegi í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Það að fjarlægja sveimara og særða fiska er liður í því að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdóma. Að mati Matvælastofnunar er það skylda eftirlitsþega að fjarlægja sveimara og særða fiska eins fljótt og því verður komið að til þess verði kallaður út aukinn mannskapur eða lengja vinnutíma. Það skal áréttast að það ástand sem var í kvíum eftirlitsþega á Svarthamarsvík þegar eftirlitið fór fram var ekki einsdæmi heldur hafði það varað svo dögum skiptir, en í skýrslum þjónustudýralækna kemur ítrekað fram að mikið magn sé að sveimurum. Af daglegum förgunartölum eftirlitsþega dagana fyrir eftirlitið má sjá að fjöldi dauðfisks og fisks sem er fargað (sveimurum sem eru aflífaðir) er mjög lág miðað fjölda kvía. Ef sveimarar og illa særður fiskar hefðu verið teknir og aflífaðir í því mæli sem tilefni gaf til hefðu tölurnar verið hærri. Hér bendir Matvælastofnun á að augljóst var í eftirlitinu að ástandið var ekki nýtilkomið en fiskarnir voru með stór og mikil sár sem höfðu augljóslega verið til staðar í einhverja daga.

Matvælastofnun bendir á að þann 10. nóvember 2023 var öllum rekstrarleyfishöfum í land- og sjókvíaeldi sent bréf þar sem minnt var á hlutverk Matvælastofnunar hvað varðar eftirlit með dýravelferð í fiskeldi sbr. lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018. Í bréfinu var sérstaklega áréttað að stofnunin hefði víðtækar heimildir til beitingu þvingunaraðgerða til að knýja fram úrbætur á velferð eldisfisks og muni grípa til þeirra úrræða sem og annarra lagaheimilda til beitingu refsinga verði brotalöm á dýravelferð hjá einstökum fiskeldisfyrirtækjum. Rík skylda er lögð á eldisfyrirtæki að kynna sér gildandi lög og reglugerðir hvað varðar rekstur fiskeldis sem og velferð dýra.

Í 11. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018 kemur skýrt fram að rekstraraðili skuli aflífa sjúk og/eða særð eldisdýr eða tryggja þeim viðeigandi meðferð í samráði við dýralækna. Að mati Matvælastofnunar er skylda eftirlitsþega til að fjarlægja og aflífa sveimara og illa særða fiska afdráttarlaus og jafnframt skylda hans til að auka viðbúnað og aðgerðir þegar ástandið var orðið svo slæmt sem það var vikurnar og dagana fyrir eftirlitið. Öllum sem sinna störfum á eldissvæðinu átti að vera ljós sá mikli fjöldi sveimara sem þar voru en augljóst var að þeir voru mikið særðir af stórum og sýktum sárum og mjög margir orðnir blindir.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að í skýrslum þjónustudýralækna eftirlitsaðila sem kallað var eftir við rannsókn málsins er ítrekað mikilvægi þess að fjarlægja sveimara og sáran fisk þar sem það ógni heilsu heilbrigðs fisk í kvíunum þar sem þeir dreifi bakteríum og geti leitt til þess að heilbrigður fiskur sýkist. Þetta kemur fram í skýrslum sem dagsettar eru 21. nóvember 2024, 14. janúar 2025 og 20. febrúar 2025

Með vísan til framangreinds er ekki fallist á það með eftirlitsþega að umfjöllun um að „*engin alvöru tilraun [hafi verið] gerð til að fjarlægja sveimara*“ á meðan eftirlitsmenn voru á staðnum geti ekki orðið grundvöllur viðurlaga án þess að tekið sé tillit til þess hvernig framkvæmdin er almenn og fyrir þurfi að liggja fullnægjandi og heildstætt mat á stöðinni. Matvælastofnun telur út frá öllu sem hefur komið fram hér að framan, m.a. aðgerðum eftirlitsþega fyrir og eftir að eftirlitið fór fram sem og því sem fram kom í eftirlitinu sjálfu hafi farið fram fullnægjandi og heildstætt mat. Ljóst er að með skorti á aðgerðum um aflifun á illa særðum fisk vanrækti eftirlitsþegi skyldur sína skv. lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018.

Matvælastofnun telur skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að fráviknið í eftirlitsskýrslu dagsettri 26. febrúar 2025 verði fellt á brott.

4. Eftirlitsþegi andmælir eftirfarandi frávikni í eftirlitsskýrslu: „Að jafnaði voru 1.000 - 3.000 illa farnir sveimarar í hverri kví.“

Félagið leggur ríka áherslu á að hér verði gerð breyting skýrslunni en hið minnsta að tölur sem vísað er til í framangreindri athugasemd verði teknar út. Engin leið er fyrir eftirlitsaðila að leggja mat á fjölda sveimara í kví, en þar sem sveimarar liggja við yfirborð er verulega hætt við að fjöldi þeirra sé ofáætlaður í einföldu, sjónrænu eftirliti. Ekki liggur fyrir hvernig fjöldi sveimara er metinn af hálfu eftirlitsaðila og ljóst að hér er um óljósar ályktanir að ræða. Gera verður þá kröfu að slíkar fullyrðingar sem geta orðið grundvöllur viðurlaga byggist á fullnægjandi grundvelli í samræmi við rannsóknarskyldu stjórnvalda. Fyrir vikið er ekki grundvöllur fyrir því að fjöldi sveimara sé tilgreindur með svo áfgerandi hætti í skýrslunni og fer félagið þess á leit að athugasemdin verði fjarlægð eða umorðuð.

Þegar eftirlitsmenn Matvælastofnunar voru á eldissvæðinu blasti við þeim mjög magn af mikið særðum fisk og bera myndir sem teknar voru og fylgdu eftirlitsskýrslunni það með sér.

Gengið var kringum kvíarnar, fiskurinn skoðaður og fjöldi illa særðra sveimara á yfirborðinu talinn á ákveðnum fleti og síðan marfaldað út frá ummáli kvíarinnar. Matvælastofnun telur að uppgefinn fjöldi illa særðra sveimara sé í raun varlega áætlaður. Engu að síður þá er ljóst að bilið frá 1.000 og 3.000 er breitt og fellst Matvælastofnun á breyta orðalagi á skráningu fráviksins þannig að í stað þess að segja „að jafnaði voru 1.000 – 3.000 illa farnir sveimarar í hverri kví“ verði það að mjög mikill fjöldi sveimara hafi verið í hverri kví.

5. Eftirlitsþegi andmælir eftirfarandi frávikni í eftirlitsskýrslu: “Ekki alltaf notast við svokallað „sweep net“ þegar mikið er af sveimurum.”

Við notkun á sk. "sweep net" er margt sem þarf að hafa í huga. Myndavélar í kvíum sýna að um 70% fisks í kvinni er í góðu ástandi og notkun netsins gæti skaðað þann fisk. Hættan þar á er mest í köldu veðri, líkt og hefur verið tilfellið undanfarna mánuði. Í skýrslu VETAQ frá desember sl. sem þegar hefur verið send Matvælastofnun segir eftirfarandi um notkun „sweep net“: „I counted more than 100 moribunds. The temperature is <math><2^{\circ}\text{C}</math> and the healthy large fish is high in the cage due to the cold. This is making using the sweep net hard and possibly not an option at this time.“ auk þess sem fjallað er um notkun og aðstæður sem hæfa notkun „sweep net“ í meðfylgjandi minnisblaði frá VETAQ (fylgiskjal 2).

Á meðal starfsmanna Kaldvíkur er mikil þekking og reynsla á sviði fiskeldis og mikið kapp lagt á að vinna sem allra best úr þeim erfiðu aðstæðum sem eru uppi í Berufirði. Áður en nota á „sweep net“ þarf starfsfólk að veга og meta kosti þess og galla, en við vissar aðstæður getur netið sært heilbrigðan fisk og valdið streitu og álagi í kvinni. Þær aðstæður geta aukið enn frekar á smítalag og áhættan sem fylgir því að nota netið getur verið óásættanleg og skaði getur orðið meiri en ávinningur.

Í eftirlitsskýrslu VETAQ vegna eftirlits sem fór fram sama dag og eftirlit matvælastofnunar (fylgiskjal 1) er lagt til að nota "sweep net" í þeim kvíum þar sem ástandið er verst en með hækkandi sjávarhita leitar heilbrigður fiskur neðar í kvína og ólíklegra að hann verði fyrir tjóni þegar netið er notað. Þá skal áréttað að regluverk gerir ekki ráð fyrir daglegri notkun "sweep net" og Matvælastofnun vísar hér ekki til réttarheimilda til stuðnings athugasemdinni.

Af framangreindum ástæðum er netið ekki notað daglega og fer félagið þess á leit að athugasemdin verði fjarlægð úr skýrslunni.

Matvælastofnun vísar til fyrri umfjöllun sinnar undir lið 3 hvað varðar skyldur eftirlitsþega að gæta að velferð sjúkra og særðra eldisdýra skv. 11. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018. Þegar fjöldi sveimara og illa særðs fisks er orðinn það mikill að venjulegt verklag um handhúfun er ekki að hafa undan ber eftirlitsþega að grípa til aðgerða til þess að tryggja að sveimarar og illa særður fiskur séu teknir og aflifaðir. Notkun „sweep neta“ er að öllu jafna næsta viðbragð þegar handhúfun gengur ekki upp lengur út frá velferð bæði sveimaranna um að verða aflifaðir í stað þess að þjást sem og velferð þess fisks sem enn er heilbrigður í kvíunum.

Matvælastofnun telur að full ástæða hafi verið til þess að grípa fyrr til notkunar „sweep neta“ eins og aðstæður voru á eldisvæðinu Svarthamarsvík. Stofnuninni er kunnugt um hvernig slík net virka og að notkun þeirra geti aukið tímabundið streitu hjá heilbrigðum fiski. Stofnunin telur þó velferð bæði þeirra særðu fiska sem og þeirra heilbrigðu veга þyngra en áhættan á að valda tímabundinni streitu með notkun netsins eða að heilbrigður fiskur sem liggja hátt í sjónum vegna hitastigs verði veiddur í netin. Heilbrigður fiskur syndir alla jafnan undan netinu en einnig er sá möguleiki til staðar að ef heilbrigður fiskur lendir í netinu að losa hann og setja aftur í kvína ef hann er ekki særður.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að í skýrslum VETAQ frá 15. janúar 2025 leggja þjónustudýralæknir það til að notast verði við „sweep net“ í þeim kvíum sem eru verstar. Slíkt sé mikilvægt út frá velferð fiskanna. Sömu athugasemd er að finna í skýrslu sem rituð var af þjónustudýralækninum vegna eftirlits sem fram fór sama dag og eftirlit Matvælastofnunar. Ljóst er að ítrekað er mælt með því, út frá velferð fiskanna, að nota umrædd net til þess að taka sveimara og illa særðan fisk úr kvíum.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að frávikði í eftirlitsskýrslu dagsettri 26. febrúar 2025 verði fellt á brott.

6. Eftirlitsþegi andmælir eftirfarandi frávik í eftirlitsskýrslu: „Illa særðir fiskar voru ekki fjarlægðir á meðan eftirlit fór fram og ljóst af daglegum förgunartölum að misbrestur er á þessu atriði í janúar og febrúar.“

Athugasemd varðandi það að fiskar hafi ekki verið fjarlægðir á meðan eftirlit fór fram er svarað að framan og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Ekki er ljóst af umfjöllun eftirlitsskýrslunnar á hvaða forsendum stofnunin telur að misbrestur sé á söfnun sveimara í janúar og febrúar og fyrir vikið er félaginu erfitt um vik að bregðast við athugasemdinni.

Sveimarar hafa verið fjarlægðir með reglulegum hætti eftir því sem aðstæður hafa leyft að hverju sinni, sem endurspeglast í förgunartölum fyrir umrædda mánuði sem hafa áður verið sendar Matvælastofnun.

Í skýrslu VETAQ vegna eftirlits sem fór fram sama dag og eftirlit Matvælastofnunar (fylgiskjal 1) kemur skýrt fram að starfsfólk geri sitt besta hvað varðar losun á dauðfisk og söfnun á sveimurum en að veður hafi í sumum tilfellum komið í veg fyrir að það væri hægt. Þá er lagt til að haldið verði áfram að fjarlægja sveimara (e. keep removing the moribounds) og að dýravelferð verði áfram fyrsta forgangsatridi (e. welfare of the fish needs to continue to be a top priority). Aðstæður í Berufirði hafa verið mjög krefjandi og starfsfólk hefur fjarlægt dauðfisk og sveimara eins skjótt og vel og aðstæður leyfa.

Fer félagið þess á leit að frávikið verði fjarlægt úr skýrslunni eða að frávikin verði hið minnsta breytt úr “alvarlegu fráviki” í “frávik.”

Eins og fram hefur komið óskaði Matvælastofnun eftir förgunartölum frá eftirlitsþega að loknu eftirliti. Fyrir liggja upplýsingar frá 1. janúar 2025 fram til 19. febrúar 2025. Af þeim gögnum er ljóst að umfang fargaðs fisks er óverulegt miðað við alvarleika ástandsins á kvíunum sem lýst er í skýrslum VETAQ sem áður hefur verið minnst á frá desember og fram í febrúar. Að mati Matvælastofnunar var augljóst þegar eftirlitið átti sér stað að ástandið var mjög slæmt og að ástandi hafi ekki skapast á einum sólahring heldur hafi það verið látið viðgangast að fjarlægja ekki nægjanlegt magn af sveimurum og illa særðs fisks.

Matvælastofnun efast ekki um að starfsfólk eftirlitsþega reyni að gera sitt besta hvað varðar losun sveimara eins og fram kemur í tilvísadri skýrslu VETAQ. Stofnunin bendir þó á að það sé hlutverk rekstraraðila að tryggja það að nægur mannskapur sé til þess að sinna nauðsynlegum verkefnum og að sú skylda sé enn ríkari þegar ástand í kvíum sé jafn alvarlegt og raun var á umræddum tíma. Dagana í kringum eftirlit Matvælastofnunar hafði veður verið ágætt og ekkert sem ætti að koma í veg fyrir það að hægt væri að fjarlægja sveimara og illa særðan fisk. Annar þjónustubátur var við störf á milli klukkan 9 til 12 en sá þriðji lá við höfn við Djúpavog. Eftirlitsþega hefði verið í lófa lagt að nýta veður, mannskap og búnað til þess að leggja allt í að fjarlægja þann mikla fjölda sveimara og illa særðs fisks sem voru til staðar í umrætt sinn.

Að öðru leiti vísar Matvælastofnun til umfjöllunar í lið 3 varðandi umfjöllun um að sveimarar hafi ekki verið fjarlægðir á meðan eftirliti stóð og skyldu eftirlitsþega til þess að fjarlægja sveimara.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að frávikið í eftirlitsskýrslu dagsettri 26. febrúar 2025 verði fellt á brott eða því breytt úr alvarlegu fráviki í frávik.

7. Eftirlitsþegi andmælir eftirfarandi fráviki í eftirlitsskýrslu: Kaldvík verður að tryggja að til sé nægur búnaður og nægur mannskapur til að bregðast við þegar mikið er af særðum fiskum.“

Kaldvík vill áréttta að félagið hefur nægan mannskap til að taka á þeim aðstæðum sem nú eru uppi í Berufirði. Á stöðvunum tveimur starfa samtals 12 manns, auk stöðvarstjóra. Innan hópsins er mikil reynsla á sviði fiskeldis, bæði innlend reynsla sem og reynsla erlendis frá.

Í janúar og febrúar hafa bátarnir MS Finn og MS Sigríður verið fluttir í Berufjörð til að takast á við aðstæður. Sá búnaður sem helst hefði þurft á köflum, til viðbótar við fólk og þann búnað sem fyrir var í firðinum, er skipið Nötte. Um tíma komst skipið ekki á staðinn vegna veðurs, en sú ákvörðun hvort skipið sigli af stað eða bíði vegna veðurs er utan forræðis félagsins. Ákvörðun um það hvort veður teljist ásættanleg til siglinga er tekin af skipstjóra bátsins sem leggur mat á aðstæður og öryggi að hverju sinni, án aðkomu félagsins.

Það er með öllu er óljóst hvað er átt við með að tryggja þurfi „nægan búnað“ og „nægan mannskap“ og á hvaða grundvelli sú krafa er sett fram. Félagið býr yfir öllum þeim mannskap og búnaði sem þarf til að takast á við aðstæður.

Er þess því óskað að setningin verði fjarlægð úr skýrslunni.

Í andmælum sínum vísar eftirlitsþegi til þess að hann hafi nægan mannskap til að taka á þeim aðstæðum sem nú eru uppi í Berufirði. Matvælastofnun telur ljóst eftir rannsókn málsins að rekstraraðili hafi hvorki nýtt allan þann mannskap sem hann kveðst búa yfir né búnað. Á þeim degi þegar eftirlitið fór fram var einn annar þjónustubátur við störf á kvíunum en eins og áður hefur komið fram í svörum Matvælastofnunar við lið 3. Sá bátur var einungis rúmlega tvær klukkustundir við störf á kvíunum. Matvælastofnun telur það ljóst að gera hefði mátt umtalsvert betur í því að

fjarlægja sveimara og illa særðan fisk í kvíunum með því að lengja íveru þjónustubáta og starfsfólks á kvíunum sem og fjölga starfsfólki sem sinntu handháfum. Umferð og dvöl þjónustubáta á eldissvæði skv. heimasíðu MarineTraffic dagana fyrir og daginn eftir eftirlitið staðfestir að báðir þjónustubátarnir voru með sömu viðveru á svæðinu og var daginn sem eftirlitið fór fram.

Eins og fram kemur í andmælum eftirlitsþega telur hann að til viðbótar við fólk og þann búnað sem fyrir var í firðinum hefði helst þurft á skipunum Nötte að halda. Skipið hefði ekki komist á staðinn um tíma vegna veðurs en það sé ekki í höndum eftirlitsþega að taka ákvörðun um hvenær veður til siglinga er ákjósanleg. Matvælastofnun ítrekar það sem áður hefur komið fram að veður í aðdraganda eftirlitsins var með ágætum sem og eftir það. Engu að síður kom Nötte ekki á svæðið fyrir en um viku eftir að eftirlitið átti sér stað. Stofnunin gerir sér grein fyrir því að ákvörðun um siglingu hvílir ekki á höndum eftirlitsþega en á eftirlitsþega hvíla þær skyldur að vernda velferð fiskanna á eldissvæðinu með öllum tiltækum ráðum. Ef koma skipsins hafi tafist svo dögum og vikum skiptir hefði eftirlitsþegi átt að grípa til annarra úrræða til að uppfylla skyldur sínar skv. lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018.

Matvælastofnun ítrekar það sem fram kemur í eftirlitsskýrslu að eftirlitsþegi verði að tryggja að til sé nægur búnaður og nægur mannskapur til að bregðast við þegar mikið er af særðum fiski. Eins leggur stofnunin ríka áherslu á að eftirlitsþegi hafi til staðar verklag sem taki á aðstæðum sambærilegum þeim sem sköpuðust hjá eftirlitsþega í janúar og febrúar. Til staðar er verklag um losun á dauðfisk úr kvíum sem tekur jafnframt til losun sveimara. Í verklaginu er því lýst að losa skuli dauðfisk og sveimara daglega, ef veður leyfir, með því að handháfa þá. Engar áætlanir eru um aðgerðir þegar fjöldi sveimara er það mikill að handháfum skilar ekki nægjanlega miklum árangri.

Í andmælum eftirlitsþega kemur fram að hann telji óljóst á hvaða grundvelli sú krafa um að hann þurfi að tryggja nægan búnað og nægan búnað sé sett fram. Matvælastofnun bendir á að framangreindar kröfur hvíla á eftirlitsþega skv. lögum um velferð dýra nr. 55/2013, reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Matvælastofnun telur skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að setningin „Kaldvík verður að tryggja að til sé nægur búnaður og nægur mannskapur til að bregðast við þegar mikið er af særðum fiskum“ í eftirlitsskýrslu dagsettri 26. febrúar 2025 verði fellt á brott.

8. Almennar athugasemdir Kaldvíkur

Í umræddri eftirlitsskýrslu Matvælastofnunar í kjölfar eftirlits í Berufirði eru gerðar athugasemdir við atriði sem áður hafa verið til tekin til athugunar af hálfu stofnunarinnar án athugasemda. Þá eru jafnframt settar fram athugasemdir og fullyrðingar um frávik án viðeigandi tilvísunar til regluverks, réttarheimilda eða nauðsynlegra gagna. Þá er einnig víða óljóst á hverju athugasemdir byggja og til hvers er ætlast af hálfu félagsins.

Samtöl starfsfólks og eftirlitsaðila bentu ekki til þess að til stæði að gera athugasemdir við starfshætti. Mörg þeirra atriða sem tilgreind eru í skýrslunni hefði verið hægt að ræða og eftir atvikum útskýra á meðan eftirlit fór fram, hefðu athugasemdir eða spurningar komið fram þá.

Þá vill félagið að lokum gera alvarlega athugasemd við þann hátt sem hafður hefur verið á við stjórnsýslulega framkvæmd málsins, til viðbótar við framangreinda misbrest. Félaginu voru gefnir tveir dagar til andmæla eftir að eftirlitsskýrsla Matvælastofnunar barst, en áður en sá knappi tími var liðinn barst annað erindi frá Matvælastofnun (27. febrúar sl.) þar sem félaginu voru kynnt áform um dagsektir. Í erindinu er vísað til efnistaka eftirlitsskýrslunnar sem félaginu hafði ekki gefist færi á að gera athugasemdir við og andmælaréttur félagsins fyrir vikið hafður að engu.

Að því sögðu verður fyrrgreindu erindi Matvælastofnunar, dags. 27. febrúar, svarað í öðru erindi fyrir endurskoðaðan tímafrest til andmæla, eða þann 6. mars nk., nema þær athugasemdir félagsins sem hér hafa verið raktar leiði þá þegar til þess að Matvælastofnun telji ekki grundvöll fyrir fyrirhuguðum dagsektum.

Matvælastofnun bendir á að þrátt fyrir að stofnunin hafi ekki áður gert athugasemdir við atriði sem frávik eru sett á í eftirlitinu sem fram fór þann 20. febrúar sl. þá hefur verið lögð aukinn áhersla á það undanfarna mánuði að fylgja því eftir að eftirlitsþegar uppfylli kröfur um velferð eldisdýra og smitvarnir sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglugerðum. Vísast í því samhengi m.a. til áðurtilgreinds bréfs sem stofnunin sendi þann 10. nóvember 2023 til allra rekstrarleyfishafa í land- og sjókvíaelði hvað varðar velferð eldisdýra.

Hvað varðar athugasemd eftirlitsþega um að í eftirlitsskýrslunni séu settar fram athugasemdir og fullyrðingar um frávik án viðeigandi tilvísunar til regluverks, réttarheimilda eða nauðsynlegra gagna þá bendir Matvælastofnun á að í skýrslunni er vísað til ákvæða í lögum og reglugerðum sem eftirlitsmenn telja eftirlitsþega hafa brotið. Þá er í lok skýrslunnar tilgreindur lagagrunnur eftirlits.


Matvælastofnun hafnar því að ekki hafi verið upplýst eða útskýrt að gert yrði frávik á einstaka þætti sem kom fram í eftirlitsskýrslunni. Starfsfólk var upplýst um að smitvarnir væru ekki viðunandi í búnings og þrifaaðstöðu og hvað þyrfti að gera til að lagfæra það. Ekki þarf að tilgreina sérstaklega öll atriði sem gera á frávik um þegar eftirlit fer fram. Slíkt er gert í eftirlitsskýrslunni sem eftirlitsþegi hefur þá tækifæri til þess að andmæla.

Hvað varðar athugasemdir um tveggja daga andmælafrest þá bendir Matvælastofnun á að skv. 1. mgr. 38. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 er ekki skylt að veita andmælarétt skv. stjórnáráðuneytisins vegna úrbætur þola enga bið. Stofnunin ákvað þó að veita tveggja daga andmælafrest vegna eftirlitsskýrsluna en bendir jafnframt á að andmælafrestur vegna boðunar dagsekta til að knýja fram úrbætur var lengri. Eftirlitsþegi hafði því fullt tækifæri til að koma andmælum.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar við alla liði andmæla eftirlitsþega er ljóst að stofnunin tekur andmæli Kaldvíkur vegna eftirlitsskýrslu dags. 26. febrúar 2025 ekki til greina.

Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunina til Matvælaráðuneytisins og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnáráðslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur